

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
186. fundur – 27. janúar 2014

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 27. janúar 2014. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 185. fundar heilbrigðisnefndar frá 25. nóvember 2013 lögð fram.

1 Fundargerð 164. starfsmannafundar frá 22. janúar 2014

1.1 Starfsleyfi

Garðabær

1.1.1 Álfanes, Garðabær – Vatnsveita

Lögð fram tilkynning Bjarna Bjarnasonar f.h. Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns- og fráveitu sf., kt. 591213-0160, dags. 30.12.2013, um yfirtöku fyrirtækisins á vatnsveitu án vatnsbóls á Álfanesi, Garðabæ. Yfirtaka á starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða 9. gr. matvælalaga nr. 93/1995 er starfsleyfi með gildistíma til 12 ára yfurfært á nafn fyrirtækisins.

1.1.2 Gilsbúð 3, Garðabær – trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóns Backmans, f.h. Húsgagna ehf., kt. 420595-2049, dags. 21.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmíðaverkstæðis að Gilsbúð 3, Garðabæ. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.3 Holtsbúð 30, Garðabær – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Elfu Arnbjarnardóttur, kt. 280490-2539, dags. 21.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Holtsbúð 30, Garðabæ. Ný starfsemi.

Húshluti: í hluta bílskúrs. Starfsemin er á íbúðasvæði.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.4 Smáraflöt 45, Garðabær – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Önnu Maríu Jónsdóttur, f.h. I am heilsulausnir, kt. 440510-0510, dags. 21.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Smáraflöt 45, Garðabæ.

Ný starfsemi. Húshluti: í hluta bílskúrs. Starfsemin er á íbúðasvæði.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem úrbætur þurfa að fara fram á húsnæðinu og upplýsingar um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar þurfa að liggja fyrir.

1.1.5 Vífilsstaðir, Garðabær – Landsspítali

Lögð fram umsókn Aðalsteins Pálssonar, f.h. Landspítala, kt. 500300-2130 dags. 17.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjúkrunardeilda að Vífilsstöðum Garðabæ. Yfirtaka á starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt endurútgáfa á starfsleyfi til 14. desember 2023.

Hafnarfjörður

1.1.6 Cuxhavengata 1, Hafnarfjörður, vörugeymsla

Lögð fram umsókn Höllu Hallgeirsdóttur f.h. IP-dreifingar ehf., kt. 620607-2740, dags.6.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til matvæladreifingar ásamt rekstri kæli- og frystigeymslu að Cuxhavengötu 1, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102 Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.7 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður, veitingahús

Lögð fram umsókn Berglindar Goldstein f.h. Veitinga og kaffihússins Silfur ehf., kt. 511113-1130, dags. 10.12.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingahúss að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0201 Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.8 Fjarðargata 19, Hafnarfjörður, veitingaverslun

Lögð fram umsókn Skúla Gunnars Sigfússonar f.h. Stjórnunnar ehf., kt.410949-0169, dags. 27.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar að Fjarðargötu 19, Hafnarfirði. Húshluti: hluti jarðhæðar. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.9 Fornubúðir 3, Hafnarfjörður, matvöruframleiðsla

Lögð fram umsókn Höllu Hallgeirsdóttur f.h. IP-dreifingar ehf., kt. 620607-2740, dags.6.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til matvælaframleiðslu að Fornubúðum 3, Hafnarfirði. Húshluti: suðurendi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.10 Helluhraun 10, Hafnarfjörður – bónstöð

Lögð fram umsókn Adolfs Arnar Adolfssonar f.h. Stjórnubón ehf., kt. 700910-0830, dags. 14.01.2014 þar sem sótt er um leyfi fyrir bónstöð að Helluhrauni 10, Hafnarfirði. Húshluti.:01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.11 Hraunbrún 36, Hafnarfjörður, orlofsíbúð

Lögð fram umsókn Árna Emanúelssonar f.h. Melía ehf., kt. 640406-0460, dags. 9.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íbúðar til gistingar án veitinga að Hraunbrún 36, Hafnarfirði. Húshluti: jarðhæð Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.12 Hvaleyrarbraut 4-6, Hafnarfjörður, smurstöð

Lögð fram umsókn Vigfúsar Morthens f.h. Nýrra Tíma ehf., kt. 480601-2620, dags. 23.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs smurstöðvar að Hvaleyrarbraut 4-6, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.13 Norðurhella 5, Hafnarfjörður, verkstæði

Lögð fram umsókn Þorsteins A. Péturssonar f.h. Tæki.is ehf., kt. 650399-2859, dags. 11.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis að Norðurhelli 5, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.14 Strandgata 25, Hafnarfjörður, kennsluhúsnæði

Lögð fram umsókn Amal Tamini f.h. Jafnréttishúss ehf., kt. 580408-1170, dags. 8.01.2014 þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur kennslustaðar að Standgötu 25, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.15 Óseyrarbraut 5, Hafnarfjörður – matvæladreifing

Lögð fram umsókn Elsu Eðvarðsdóttur, f.h. S. Iceland ehf, kt. 660271-0159, dags. 13.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á salti til matvælavinnslu. Lögheimili er að Óseyrarbraut 5 en vörugeymsla og dreifing fer fram frá vöruhótelu. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.16 Sólvangsvegur 2, Hafnarfjörður – fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Helguínu Steingrímsdóttur kt. 150683-5569, dags. 9.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði. Húshluti: í þjónusturými hjúkrunarheimilis. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.17 Suðurgata 73, Hafnarfjörður, kennsluhúsnæði

Lögð fram umsókn Ásmundar Kristjánssonar f.h. Annríki Þjóðbúningar og skart ehf., kt.700693-2799, dags. 9.01.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir kennsluhúsnæðis að Suðurgötu 73, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Starfsemin er á íbúðasvæði. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Kópavogur

1.1.18 Bláfjallaleið, Kópavogur, ferðaþjónusta

Lögð fram að nýju umsókn Björns Ólafssonar f.h. 3H Travel ehf., kt. 600212-0790, dags. 1.09.2013, þar sem óskað er eftir leyfi fyrir móttöku ferðamanna til hellisskoðunar í Þríhnúkagíg. Fyrir liggur leyfi Umhverfisstofnunar dags 18.10.2013. Eftirfarandi samþykkt var gerð:
„Heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt vegna staðsetningar starfseminnar á vatnsverndarsvæði að raflögn til rekstursins verði tryggð. Í trausti þess að það gangi eftir og með vísun til ákvæða reglugerða um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, hollustuháttareglugerðar og samþykktar um verndarsvæði vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, er samþykkt starfsleyfi til 4 ára með þeim fyrirvara um að leyfi Umhverfisstofnunar verði til staðar”.

1.1.19 Guláping 25, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Gísla Más Ágústssonar, f.h. G.M.Á. ehf., kt. 500611-2780, dags. 4.12.2013, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á gömlu sumarhúsi að Gulápingi 25, Kópavogi. Tímabundin starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest til 23.12.2013.

1.1.20 Gunnarshólmi, Kópavogur - alifuglarækt

Lögð fram umsókn Margrétar Gunnarsdóttur, kt. 150484-3089, dags.21.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til alifuglaræktar að Gunnarshólma, Kópavogi. Húshluti: í eldri útihúsum. Ný starfsemi. Starfsemin er á landbúnaðarsvæði. Með umsókn fylgir afrit af bréfi Kópavogsbæjar frá 14. janúar 2014. Í bréfinu kemur fram að land Gunnarshólma sé skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Jafnframt að í tillögu að nýju aðalskipulagi sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn og bíður staðfestingar Skipulagsstofnunar, er landnotkun Gunnarshólma óbreytt. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er landbúnaðarsvæði skilgreint „Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. Ekki til deiliskipulag að landi Gunnarshólma en á árinu 2003 var unnin afstöðumynd af núverandi byggingum og nýbyggingu einbýlishúss sem samþykkt var skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997”.

Jafnframt fylgir umsókn loftmynd með upplýsingum um 500m radíus út frá fyrirhugaðri starfsemi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Afgreiðslu umsóknar er frestað og óskað frekari gagna til að ljóst liggi fyrir:

- að umrædd starfsemi fari ekki í bága við gildandi skipulag. Leggja þarf fram afrit af staðfestu deiliskipulagi með nauðsynlegum upplýsingum um þessa starfsemi.
- að strjál íbúðarhúsa- og frístundabyggð eða önnur landnotkun verði ekki fyrir óþægindum vegna starfseminnar. Leggja þarf fram undanþágu Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá fjarlægðarmökum skv. 4 mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 941/2002.
- Að fullnægt verði kröfum reglugerðar 804/1999 um dreifingu búfjáraburðar.

1.1.21 Hagasmári 1, Kópavogur - varaafstöð

Lögð fram tilkynning Bjarna Bjarnasonar f.h. Orkuveitu Reykjavíkur – Veitna ohf. kt. 501213-1870, dags. 30.12.2013, um yfirtöku fyrirtækisins á leyfi til reksturs rafstöðvar að Hagasmára 1, Kópavogi. Yfirtaka á starfsleyfi samþykkt.

Með vísun til ákvæða 27. gr. reglugerðar starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999, með síðri breytingum er starfsleyfi með gildistíma til 4. október 2021. yfirtækt á nafn fyrirtækisins.

1.1.22 Hagasmári 1, Kópavogur - sala á matvöru

Lögð fram umsókn Elísar Viktors Kjartanssonar f.h. Sema ehf., kt. 510507-2310, dags. 18.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvælaverslunar með varin matvæli að Hagasmára 1, Kópavogi. Húshluti: L-061. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

1.1.23 Hagasmári 1, Kópavogur - veitingasala

Lögð fram umsókn Sigurðar H. Garðarssonar f.h. Steindórsplans ehf., kt. 650612-0940, dags. 25.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingasölu að Hagasmára 1, Kópavogi. Húshluti: U325. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.24 Hagasmári 1, Kópavogur - hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Örnú Báru Karlsdóttur f.h. Örnú Báru ehf., kt. 451113-1000, dags. 18.12.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Hagasmára 1, Kópavogi. Húshluti: við Hagkaup. Ný starfsemi.

Þar sem frágangi er ekki lokið er með vísun til ákvæða hollustuhátta­reglugerða er samþykkt starfsleyfi til 1 árs meðan unnið er að úrbótum.

1.1.25 Hagasmári 3, Kópavogur - líkamsræktarstöð

Lögð fram umsókn Lindu Pétursdóttur f.h. Baðhússins ehf., kt. 640609-0950, dags. 29.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Hagasmára 3, Kópavogi. Húshluti: í norðurturni samkvæmt fyrir­liggjandi reyndarteikningu 20.1.2014. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta­reglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.26 Hamraborg 7, Kópavogur - framleiðsla á fæðubótaefnum

Lögð fram umsókn Sigurðar Finnssonar, f.h. Medasin ehf., kt. 540705-0380, dags. 10.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á fæðubótaefnum að Hamraborg 7, Kópavogi. Húshluti: 01-0001. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er afgreiðslu frestað þar sem úttekt á húsnæði hefur ekki getað farið fram.

1.1.27 Hlíðarhjalli 25, Kópavogur - fæðubótaefni

Lögð fram umsókn Dag Bergheim Pettersen, f.h. Zinzino Iceland ehf., kt. 580511-0660, dags. 13.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á fæðubótaefnum og kaffi. Um er að ræða lögheimili að Hlíðarhjalla 25, Kópavogi, dreifing vöru verður frá erlendum vöruhótelum.

Ný starfsemi. Fyrir liggur bréf frá Matvælastofnun dags. 3.01.2014 um skyldu rekstrarins til að hafa starfsleyfi.
Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.28 Hlíðarsmári 17, Kópavogur - tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Hrannar Róbertsdóttur kt. 260373-4639 f.h. óstofnaðs félags., dags. 15.01.2014., þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðarsmára 17, Kópavogi. Húshluti: jarðhæð. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.29 Hnoðraholt, Kópavogur - aðveitustöð

Lögð fram umsókn Bjarna Bjarnasonar f.h. Orkuveitu Reykjavíkur – Veitna ohf. kt. 501213-1870, dags. 30.12.2013, um yfirtöku fyrirtækisins til rekstri aðveitustöðvar 7 á Hnoðraholti, Kópavogi. Yfirtaka starfsleyfis.
Með vísun til ákvæða 27. gr. reglugerðar starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999, með síðri breytingum er starfsleyfi með gildistíma til 31. október 2024 yfirfært á nafn fyrirtækisins.

1.1.30 Nýbýlavegur 4, Kópavogur – veitingastofa

Lögð fram umsókn Fylgífiska ehf., kt. 440602-4010, dags. 5.12.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu að Nýbýlavegi 4, Kópavogi. Húshluti: jarðhæð. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

1.1.31 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – matvörusala

Lögð fram umsókn Ingu Helgu Sveinsdóttur f.h. Blómstrandi kt. 581113-0210, dags. 12.12.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gjafavöruverslunar með lítilsháttar matvörusölu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Húshluti: jarðhæð. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerða er afgreiðslu frestað þar sem skoðun á húsnæði hefur ekki getað farið fram.

1.1.32 Skálaheiði 2, Kópavogur – íþróttahús

Lögð fram tilkynning Jóns Júlíussonar f.h. Kópavogsbæjar., kt. 700169-3759, dags. 20.01.2014, um yfirtöku reksturs íþróttahúss að Skálaheiði 2, Kópavogi. Húshluti: allt húsið.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi með gildistíma til 24. janúar 2022 yfirfært á nafn Kópavogsbæjar.

1.1.33 Smáratorgi 1, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Auðuns Pálssonar f.h. Bónus, kt. 450199-3389, dags. 20.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar að Smáratorgi 1, Kópavogi. Endurnýjun
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.34 Smiðjuvegur 11, Kópavogur – fatahreinsun

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Sighvatsdóttur f.h. Purgo ehf., kt. 470307-1290, dags. 13.12.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fatahreinsunar að Smiðjuvegi 11, Kópavogi. Húshluti: 02 0101. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.35 Smiðjuvegur 11, Kópavogur – bílaverkstæði

Lögð fram umsókn Hafsteins Guðmundssonar f.h. Bílaverkstæði Hafsteins slf., kt. 410610-0860, dags. 18.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Smiðjuvegi 11, Kópavogi. Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða samþykkt starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmist við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.36 Vallakór 12, Kópavogur – íþróttahús

Lögð fram tilkynning Birgis Bjarnasonar f.h. Handknattleiksfélags Kópavogs., kt. 630981-0269, dags. 6.01.2014, um yfirtöku á rekstri íþróttahúss að Vallakór 12, Kópavogi.

Yfirtaka á starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi með gildistíma til 30. maí 2022 yfirfært á nafn félagsins.

1.1.37 Vallakór 12, Kópavogur – kennsluhúsnæði

Lögð framtilkynning Jóns Júlíussonar f.h. Kópavogsbæjar., kt. 700169-3759, dags. 20.01.2014, um leyfi fyrir rekstri kennsluhúsnæðis að Vallakór 12, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.38 Víkurhvarf 5, Kópavogur – sala og dreifing á matvöru

Lögð fram umsókn Daníels Guðbrandssonar f.h. Danson ehf., kt. 440111-0760, dags.

21.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til sölu og dreifingar á varinni matvöru að Víkurhvarfi 5, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og dreifingareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

1.2 Umsagnir

Garðabær

1.2.1 Breiðumýri, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 6.01.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kvenfélags Álftaness kt. 451179-0209, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður í íþróttamiðstöðinni Breiðumýri, Garðabæ, þann 25.01.2014 frá kl. 19.00 – 04.00, fyrir allt að 700 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.2 Skólabraut 2, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 6.01.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnudeildar Stjórnunnar kt. 580589-1389, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður í íþróttahúsi við Skólabraut, Garðabæ, þann 24.01.2014 frá kl. 19.00 – 03.00, fyrir allt að 1200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Hafnarfjörður

1.2.3 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður, veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 6.12.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Veitinga og kaffihússins Silfur ehf., kt. 511113-1130, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki III að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.01.2014 starfsleyfi til reksturs veitingahúss skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki III, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir rekstur veitingahús.”

1.2.4 Fjarðargata 19, Hafnarfjörður, veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 26.11.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Stjórnunnar ehf., kt. 410949-0169, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu í flokki I að Fjarðargötu 19, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.01.2014 starfsleyfi til reksturs veitingahúss skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir rekstur veitingastofu.”

1.2.5 Hjallabraut 51, Hafnarfjörður, gistiskáli, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 23.12.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ferðbúans ehf., kt. 630293-3329, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistiskála í flokki III (gististað með veitingum) að Hjallabraut 51, Hafnarfirði.

Mælt er með eftirfarandi bókun:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 30.04.2009 starfsleyfi til reksturs gistiheimilis og tjaldsvæðis skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir rekstur gistiheimili og gistiskála með veitingum.”

1.2.6 Hraunbrún 36, Hafnarfjörður, orlofsíbúðir, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 31.12.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Melía ehf., kt. 640406-0460, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í íbúð án veitingasölu í flokki II (gististaður án veitinga) að Hraunbrún 36, Hafnarfirði.

Mælt er með eftirfarandi bókun:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 27.01.2014 starfsleyfi til reksturs orlofsíbúðar skv. hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir orlofsíbúð.”

1.2.7 Tjarnavellir 15, Hafnarfjörður, veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 2.12.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Heima hjá þér slf, kt. 711013-1800, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki III (umfangsmikill áfengisveitingastaður) að Tjarnavöllum 15, Hafnarfirði.

Mælt er með eftirfarandi bókun:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.11.2013 starfsleyfi til reksturs veitingahúss skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki III, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að gæta verði að því að hávaði frá starfsemi valdi ekki ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir veitingahús.”

Kópavogur

1.2.8 Skálaheiði 2, Kópavogi – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 3.01.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksfélags Kópavogs kt. 630981-0269, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður í íþróttahúsi HK, Skálaheiði 2, þann 3.01.2014 frá kl. 19.00 – 03.00, fyrir allt að 700 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.9 Nýbýlavegur 4, Kópavogur, veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 6.12.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fylgífiska ehf., kt. 440602-4010, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu í flokki I að Nýbýlavegi 4, Kópavogi

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.01.2014 starfsleyfi til reksturs veitingastofu skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir rekstur veitingastofu.”

1.2.10 Nýbýlavegur 16, Kópavogur, veitingaverslun, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 6.12.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Máltíðar ehf., kt. 530513-2110, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingaverslun í flokki I að Nýbýlavegi 16, Kópavogi.

Með tölvupósti dags. 21.01.2014 frá Sýslumanninum í Kópavogi var umsagnarbeiðnin afturkölluð.

1.3 Tilkynningar samkvæmt 14. gr. matvælalaga

1.3.1 Hólmatún 55, Garðabær – efni og hluti sem geta komið í snertingu við matvæli
Lögð fram tilkynning Eypórs Páls Haukssonar, f.h. Prentmiðlunar ehf., kt. 440208-0290, dags.13.01.2014, um dreifingu á efnum og hlutum sem koma í snertingu við matvæli. Starfsemin er með lögheimili að Hólmatúni 55, Garðabæ, sem er á íbúðasvæði. Dreifing verður frá vöruhótelum. Tilkynning um starfsemi.
Með vísun til ákvæða 2. mgr. 14. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum er móttaka skráningar staðfest.

1.4 Tóbaksleyfi

1.4.1 Nóatún Hamraborg 18, Kópavogur - matvöruverslun
Lögð fram umsókn Kaupás hf., kt. 711298-2239, dags. 17.12.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í matvöruverslun fyrirtækisins að Hamraborg 18, Kópavogi. Endurnýjun.
Leyfisveiting staðfest.

1.5 Annað

Garðabær

1.5.1 Norðan Gesthúsa, Garðabær, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóhönnu Aradóttur f.h. Garðabæjar kt. 570169-6109, dags.18.12.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu á bökkunum norðan við Gesthús (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31. desember 2013.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.5.2 Sjávargrund, Garðabær, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóhanns Inga Jóhannssonar, f.h. Knattspyrnudeildar Stjörnunnar kt. 580589-1389, dags. 16.12.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Sjávargrund í Garðabæ, (sama staðsetning og undanfarin ár) kl. 21.00 þann 31. desember 2013.

Jákvæð umsögn staðfest.

Hafnarfjörður

1.5.3 Tjarnarvellir, Hafnarfjörður, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Geirs Viðars Garðarssonar, f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka kt. 600169-0419, dags.19.12.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Tjarnarvelli 7, Hafnarfirði (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31. desember 2013.

Jákvæð umsögn staðfest.

Kópavogur

1.5.4 Guláping, Kópavogur, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Árna Þórs Árnasonar kt. 240366-5179, dags. 16.12.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu í Þinghverfi fyrir ofan Guláping, kl. 20.30 þann 31. desember 2013.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.5.5 Smárahvammur, Kópavogur, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóns Magnússonar f.h. Breiðabliks kt. 480169-0699, dags. 17.12.2013, þar sem sótt er um

leyfi til áramótabrennu á brennusvæði við Smárahvamm (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31. desember 2013.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.5.6 Flugeldasýningar.

Lögð fram til kynningar erindi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað var umsagnar um eftirtaldir flugeldasýningar um áramót og á þrettánda:

- Hjálparsvéit skáta Garðabæ við Arnarnesvog í Garðabæ 31.12.2013.
- Björgunarsveit Hafnarfjarðar við höfnina í Hafnarfirði 29.12.2013
- HSSK á fótboltavelli, Kópavogsdal í Kópavogi 31.12.2013
- HSSK við Furugrund í Kópavogi 6.01.2014.
- Björgunarsveit Hafnarfjarðar Ásvöllum í Hafnarfirði 6.01.2014.

2 Tilboð um innleiðingu á eftirlitskerfi

Lagður fram tölvupóstur frá Matvælastofnun frá 10 desember 2013 um innleiðingu á eftirlitskerfi. *Heilbrigðisnefnd er jákvæð til að taka upp skráningar í skráningarkerfi Matvælastofnunar ÍsLeyf og er reiðubúin til áframhaldandi samstarfs vegna þess.*

3 Starfsemin á árinu 2013

Rætt stöðumat og framkvæmd nokkurra verkefna á árinu 2013

3.1 Yfirlit um starf heilbrigðisnefndar 2013

Heilbrigðisnefnd hélt 9 fundi á árinu. Samkvæmt fundagerðum voru bókaðir 510 dagskrárliðir. Mál tengjast stundum fleiri en einum málaflokki og einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi.

3.2 Niðurstöður eftirlits 2013

Í lok árs 2013 voru á skrá heilbrigðiseftirlitsins 1483 fyrirtæki, stofnanir eða starfsemi sem lúta ber reglubundnu eftirliti. Af þeim fengu 906 aðilar eftirlitsheimsóknir. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og taka mið af áhættu og niðurstaðna úr eftirliti og vera samkvæmt eftirlitsáætlunum. Eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir um 1330 eftirlitsferðum tengdum þeim rekstri sem til staðar var í árslok og voru farnar 1470 eftirlitsferðir til umræddra 906 aðila. Til viðbótar var farið í 274 eftirlitsferð á árinu vegna starfsemi þar sem eftirlit er ekki reglubundið eða í ljós kom að starfsemin var annað hvort hætt, starfsemin hafði breyst á þann veg að eftirlit átti ekki lengur við eða starfsemin hætti síðar á árinu. Fjöldi slíkra fyrirtækja eða starfsemi kemur ekki fram í lokatölu ársins um fjölda fyrirtækja, stofnana og starfsemi. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi, kvartana s.s. vegna umgengni á lóðum, sóttvarnaundanþága og skoðunar á íbúðarhúsnæði.

3.3 Yfirlit um almennar kvartanir til heilbrigðiseftirlits 2013

Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 188. Kvartanir og fyrirspurnir vegna tengsla íbúðarhúsnæðis og heilsu hefur fjölgað síðustu árin. Slíkar kvartanir eru fyrirferðamiklar í þessum flokki eða 56. Sama á við um kvartanir vegna dýrahalds eða flækingsdýra annars en hundahalds voru 59 kvörtun. Óþægindi vegna óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja eða stofnana þar sem fólk leitar þjónustu leiddi til 31 (31) kvörtunar.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 84 og er sá flokkur nokkuð fjölbreytilegur. Hluti þeirra er vegna starfsemi fyrirtækja sem eru starfsleyfis skyld samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir. Má þar til nefna kjötvinnslur, málmsteypur og fyrirtæki sem meðhöndla úrgang. Auk fyrrnefndra kvartana voru kvartanir undan ónæði vegna niðurrifs mannvirkja, sóðaskapar og hávaða.

Kvartanir og ábendingar vegna matvæla voru 82. Flestar kvartanir eða 31 eru vegna ófullnægjandi merkinga innihalds. Vegna slæmrar meðferðar matvæla var kvartað 18 sinnum. Til slæmrar meðferðar teljast m.a. kvartanir um að vara sé höfð á boðstólum lengur en leyfilegt er eða skemmd þegar kemur að neyslu. Einnig var kvartað 13 sinnum vegna ónógs hreinlætis. Kvartanir vegna hugsanlegra matarsýkinga voru 14 (5). Aðrar kvartanir voru af margvíslegum ástæðum.

Á árinu komu til meðferðar 15 kvartanir vegna meintra brota á tóbaksvarnalögum. Flestar voru um sölu tóbaks til ungmenna. Aðrar um að ungmenni væru neydd til að selja tóbak, tóbaksreykingar í veitingahúsi og á skólalóð.

Í flokknum almennar kvartanir eru m.a. teknar saman kvartanir vegna slæmrar umgengni um sorp og úrgang. Slíkar kvartanir reyndust 29 og er þá ekki átt við kvartanir undan starfsleyfisskyldum atvinnurekstri. Vegna slæmrar umgengni um lóðir voru 11. Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota. Kvartað var 36 sinnum vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru almenningi til ama. Starfsmenn þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkrum tugum bifreiða án númera.

3.4 Yfirlit yfir fjölda skráðra hunda í lok árs 2013

Um áramótin 2012-2013 voru á skrá 2380 hundur í umdæmi heilbrigðisnefndar. Fjölgun skráðra hunda er óveruleg en hafa verður í huga að afskráningar berast oftast upp úr áramótum. Eigendur 1474 hunda hafa sótt námskeið í hunduppeldi og 10 hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstafa.

3.5 Yfirlit um kvartanir vegna hundahalds 2013

Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 186 kvartanir vegna hunda á árinu. Aðal umkvörtunarefnið var eins og áður vegna lausra hunda eða í 87 tilviki. Til meðferðar á árinu komu 25 mál sem tengjast árásgirni, ógnunum eða árásum hunds á fólk eða dýr. Í slíkum tilvikum kemur einnig oft til afskipta lögreglu.

3.6 Samantekt um vörslu katta 2013

Farið var yfir framkvæmd samnings um vörslu katta. 179 kettir voru teknir til vörslu í kattageymslu á árinu. 23 var komið til síns heima að nýju og 38 á nýtt heimili.

3.7 Áramóta og þrettándabrennur 2013 -2014

Lagt fram yfirlit yfir áramóta- og þrettándabrennur í lok árs 2013 og byrjun árs 2014. Samstillt átak undanfarin ár hefur dregið stórlega úr loftmengun frá brennum sem þó er óhjákvæmilega alltaf nokkur. Brennurnar hafa nú orðið aðallega skemmtanagildi en eru hættar að vera úrgangsförgun.

3.8 Loftgæðavöktun

Með breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem staðfestar voru í lok árs 2013 ber heilbrigðisnefndir sveitarfélaga að afla upplýsinga, meta loftgæði, setja upp og reka mælistöðvar eftir því sem þörf er á, og tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Í dag eru í rekstri tvær loftgæðamælistöðvar sem nýtast í þessum tilgangi. Færanleg loftgæðamælistöð hefur verið staðsett í Lækjarbotnum allt árið 2013 og frá því í byrjun nóvember hófust mælingar að Norðurhelli 2, í Hafnarfirði.

4 Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

4.1 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 15. janúar 2014.

4.2 Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd

Lögð fram til kynningar ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2013

4.3 Heildarendurskoðun vatnsverndar

Rædd heildarendurskoðun og staða mála við afmörkun vatnsverndar

5 Vatnasvæðisnefnd

5.1 Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands

Lögð fram til kynningar „Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. Skipting vatns í vatnshlot og mat á helsta álagi af starfsemi manna á vatn“. Í desember síðastliðinn var lokið við [stöðuskýrslu](#) um helsta álag á vatn á Íslandi og hefur Umhverfisstofnun birt skýrsluna á heimasíðu stofnunarinnar. Stöðuskýrslan er fyrsta skrefið í gerð heildstæðrar vatnaáætlunar. Í henni er fjallað um skiptingu vatns í vatnshlot og gerðir, þætti sem geta valdið álagi á vatn og hvort hættu sé á að vatnshlot standist ekki umhverfismarkmið um gott ástand. Stöðuskýrslan var unnin undir umsjón Umhverfisstofnunar í samráði við vatnasvæðanefndir og komu ráðgjafanefndir, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og sérfræðistofnanir auk þess að henni

5.2 Lögbært yfirvald

Lagðir fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar frá 10. og 18. desember 2013 varðandi upplýsingaskil um lögbær yfirvöld vegna vatnatilskipunar Evrópusambandsins þar sem heilbrigðiseftirlitið hefur verið tilkynnt sem lögbært yfirvald samkvæmt vísun til ákvæða tilskipunarinnar.

5.3 Listi yfir vatnshlot

Lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar frá 19. desember 2013 um lista sem sendur hefur verið ESA, eftirlitsstofnunar EFTA .

6 Eftirlit með hundahaldi

6.1 Stjórnsýslukæra vegna skráningar á hundi

Lagt fram erindi Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 23. janúar 2014 þar sem kærð er afgreiðsla heilbrigðiseftirlitsins á skráningu vegna leyfis til hundahalds að Björtusölum 6, 201 Kópavogi. Úrskurðarnefndin óskar gagna er málið varðar innan 30 daga og er heilbrigðiseftirlitinu gefin kostur á að tjá sig um kæruna til sama tíma. Málefnið var áður til meðferðar hjá heilbrigðisnefnd sbr. lið 5.3 í fundargerð 25. nóvember 2013 „Björtusalir 6, Kópavogi – ekki leitað samþykki meðeigenda í fjöleignahúsi“ .

6.2 Kvörtun yfir sóðaskap vegna hundahalds

Lagður fram að tölvupóstur íbúðareiganda við Lækjarsmára í Kópavogi yfir slæmri umgegni við hundahald hjá leigjanda íbúðar að Lækjarsmára 68 í sömu götu og að úrbætur hafi ekki gengið eftir.

Málefnið var áður til meðferðar hjá heilbrigðisnefnd sbr. lið 5.6 í fundargerð 25. nóvember 2013 „Lækjarsmári 68, Kópavogi“ Samþykkt að óska viðbragða bæði leigjanda og húseiganda vegna kvörtunarinnar.

Samþykkt að krefja eiganda um hreinsun lóða.

6.3 Kvörtun yfir framkvæmd eftirlits

Lagt fram erindi Þrastar Guðnasonar Einihlíð 1 í Hafnarfirði frá 16. janúar 2014 og lögð fram að nýju erindi frá 21. október 2013 og 15. nóvember 2013 vegna ástands sem skapaðist í götunni vegna hundahalds á neðri hæð hússins að Einihlíð 1 og að ekki hafi verið brugðist við með aðgerðum sem dugðu að mati bréfitara.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu

7 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnarfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 13. desember 2013.

8 Önnur mál

8.1 Hafnarfjarðarhöfn

8.1.1 Niðurrif á skipi.

Lögð fram umsókn Úlfars Haraldssonar f. h. Furu ehf. dags. 23. janúar 2014 um tímabundið starfsleyfi til niðurrifs á skipi á svæði Hafnarfjarðarhafnar.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt tímabundið starfsleyfi til tveggja mánaða.

8.1.2 Útflutningur á brotamálmi og tækjum með spilliefnum

Lagt fram afrit af erindi Umhverfisstofnunar til Nesskipa hf., dags. 20. janúar 2014, varðandi Just Mariiam flutningaskip í Hafnarfjarðarhöfn og útskipun brotamálms blönduðum spilliefnum. Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits var boðaður á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 24. janúar 2014 vegna málsins og fjölmiðlaumfjöllunar.

8.2 Matvælaeftirlit

8.2.1 Úttektir frá ESA, eftirlitsstofnunar EFTA

Lagðir fram til kynningar tölvupóstar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar frá 10. desember 2013 vegna:

- lokaskýrslu ESA um úttekt á stöðu matvælaeftirlits í landinu s.k. landsskýrslu og vinnu við úrbótaáætlun.
- úttektar ESA sem verður dagana 3-7. mars 2014 er varðar frumframleiðslu

8.2.2 Breyting á matvælalögum

Í lok árs 2013 voru samþykkt lög frá Alþingi sem fela heilbrigðisnefnd opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu efna og hluta sem ætlað er að vera í snertingu við matvæli, að undanskildum innflutningi, sbr. 6. gr. Þeir sem framleiða eða flytja inn efni og hluti sem ætlað er að vera í snertingu við matvæli skulu tilkynna heilbrigðisnefnd um starfsemi sína áður en hún hefst.

8.2.3 Norrænt námskeið um efni og hluti í snertingu við matvæli

Lagður fram tölvupóstur Matvælastofnunar frá 14. janúar 2014 um námskeið um efni og hluti í snertingu við matvæli. Námskeiðið verður haldið í tenglum við norrænt eftirlitsverkefni varðandi sama efni og haldið í Lundi, Svíþjóð, dagana 17 – 19. mars n.k. Ákveðið að taka þátt í verkefninu og senda heilbrigðisfulltrúa á námskeiðið.

8.2.4 Water Safety Planning

Lagt fram boð svæðisskrifstofu WHO í Evrópu um þátttöku í vinnustofu um skipulag vatnsöflunar sem haldið verður í Berlín 12. og 13. mars n.k.. Ákveðið að framkvæmdastjóri sækji málþingið.

8.3 Reglubundnir fundir heilbrigðisnefnda

Lögð fram og rædd drög að fundaráætlun á vormisseri 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Guðmundur Sigurðsson

Gísli Ó. Valdimarsson